



Heiti áfanga: Lagasmíðar, samspil og hugmyndavinnsla

Áfanganúmer: Lagasmíðar 101, Vor 2021

Prep: 2

Fyrir hvaða bekk: 3N og 3F

Aðili sem kynnir áfanga: Leó Ingi Sigurðarson

Forkröfur: Engar, en betra að kunna á hjóðfæri

Lýsing:

Í áfanganum er nemendum gefin tól í hendurnar til að semja lög. Það verða notaðar aðferðir eins og að setja sér ramma, með því t.d. að meiga bara nota tvo eða þrjá hljóma. Lög verða greind niður og þau skoðuð til að hjálpa nemendum að átta sig á því hvernig popplög eru gjarnan byggð upp. Mikið verður lagt uppúr hópavinnu og fá nemendur í hverjum hóp til að átta sig á því hvernig hægt er að koma hugmyndum á blað og láta þær síðan þróast. Einnig verður farið í það í seinni hluta áfangans að taka upp þessar lagahugmyndir sem munu verða til í hópunum og hjálpa þeim að gera sig grein fyrir hvernig framleiðsluferlið (e. production) fer fram. Með því að sýna þeim hvaða hljóðfæri sé hægt að velja og hvenær þau passa inni og hvar ekki og hvernig hægt sé að búa til jafna hljóðblöndun.

Ég mun hafa heimaverkefni þar sem nemendur greina lög niður og segja frá því afhverju lögin eru góð. Er það uppbyggingin, textinn, umræðuefnið, hljómarinnir, laglínan, takturinn, all saman eða eitthvað annað? Fá þau til að meta gæði og í hverju þau felast og velja því fyrir sér hvað gott lag þarf að hafa til að vera gott og sígilt lag.

Það verða verkleg verkefni sem felast í því að setja saman lög í hópum.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lagauppbyggingu
- Lagasmíðum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Efla hljóðgreiningu, heyrna mun á hljóðfærum og effektum
- Hafa skilning á því hvernig texti og laglína og hljómar geta unnið saman
- Skilja hvernig upptökutæknin hefur breyst og haft áhrif á lögin sem búin eru til

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þekkingu sína og leikni til að:

- Vita hvað sé “gott” lag og afhverju
- Geta átt auðveldara með að semja lag frá grunni

Námsmat: Fjölbreytt námsmat sem endurspeglar markmið áfangans.